



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóv. 2020

**Efni: Umsögn Hagfræðistofnunar um tillögu til
þingsályktunar um mótun sjálfbærrar iðnaðarstefnu.**

Eins og bent er á í greinargerð með tillögunni hefur hið opinbera lengi stutt við einstakar atvinnugreinar hér á landi. Stuðningurinn nær ekki bara til iðnfyrirtækja. Oft tengist hann byggðastefnu, en ekki alltaf. Ríkið styður landbúnað með tollum á erlenda samkeppni og beinum fjárframlögum, álver og kísilver fá afslátt af sköttum og gjöldum og líta má á ókeypis úthlutun leyfa til fiskeldis í sjó sem stuðning við greinina. Í sjálfu sér er ekkert að því að styðja byggð eða tiltekna atvinnugrein ef almennur vilji er fyrir því, en aðferðir við stuðninginn eru ekki allar jafngóðar. Til dæmis hafa verið færð rök að því að stuðningur við landbúnað, sem tengist kvóta, sem hægt er að versla með, komi þeim helst að gagni sem fá stuðninginn í upphafi. Stuðningskerfið auki aðeins á skuldir þeirra sem komi að greininni síðar. Ef ætlunin er að styðja við byggðarlag er vænlegra til árangurs að styrkja atvinnulíf þar almennt en að binda stuðninginn við tiltekna starfsemi – nema það sé alveg öruggt að hún sé það eina sem geti bjargað byggðinni. Ekki er hægt að þvertaka fyrir að ríkið geti stundum hitt á atvinnugrein sem á meiri framtíð fyrir sér en annað, en reynslan geymir ekki mörg dæmi um það. Stundum er bent á að vaxtarríki í Austur-Asíu hafi mörg hver stutt við iðnað og tæknigreinar, sem hafi vegnað vel. Sumir telja að þetta sýni að ríkið geti valið vaxtargreinar með góðum árangri, en aðrir mæla á móti því. Árið 1993 var það til dæmis niðurstaða úttektar Alþjóðabankans á hagvexti í Asíu að ríkisstuðningur við einstakar atvinnugreinar hefði ekki breytt miklu þar. Aðgerðir stjórnvalda hefðu fremur stutt við þær niðurstöður sem hefði mátt vænta á frjálsum markaði en leitt til nýrra niðurstaðna.¹

Alltaf er gagnlegt að fara yfir stefnu stjórnvalda á einstökum sviðum. Margt virðist mega fara betur í atvinnustefnunni. Þess vegna er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

Reykjavík, 8. nóvember 2020,
Sigurður Jóhannesson

¹ World bank, 1993: East Asian Miracle, Economic Growth and Public Policy, bls. 21, 260-261.